

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um framlög ríkisaðila til félagasamtaka.

1. *Hvaða ríkisaðilar sem heyra undir ráðherra eru aðilar að félagasamtökum og að hversu miklum hluta? Hversu mikið hafa ríkisaðilarnir greitt í þau félagasamtök á árunum 2007–2013 í formi félagsgjalda eða með annars konar framlagi? Svar óskast sundurliðað eftir ríkisaðila, félagasamtökum og almanaksári.*

Við vinnslu svars við fyrirspurninni leitaði ráðuneytið upplýsinga hjá eftirfarandi stofnunum sem fram koma í töflunum hér á eftir:

### Framlög Fiskistofu til félagasamtaka.

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	4.500	5.000	5.000	5.000	6.000	7.000	10.000	42.500
Skýrslutæknifélag Íslands	37.500	37.600	37.600	37.600	37.600	47.200	47.200	282.300
Staðlaráð Íslands	100.000	100.000	110.000	110.000	110.000	118.000	125.000	773.000
Flóra, félag mannauðsstjóra á Íslandi					15.000	15.000	15.000	45.000
Lögmannafélag Íslands					51.500	51.500	41.500	144.500
Stjórnvísí	30.500	30.500	49.280	49.280	49.280	49.280	49.280	307.400
European Aquaculture Society					14.888			14.888
Atlantic Salmon Federation			6.522	7.762				14.284
Stangaveiðifélag Reykjavíkur			8.000					8.000
Félag mannauðsstjóra ríkisins							10.000	
	<b>172.500</b>	<b>173.100</b>	<b>209.880</b>	<b>208.402</b>	<b>292.030</b>	<b>287.980</b>	<b>297.980</b>	<b>1.631.872</b>

### Framlög Hafrannsóknastofnunar til félagasamtaka.

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	4.500	4.500	5.000	5.000	6.000	7.000	10.000	42.000
EFARO (European Fisheries and Aquaculture Research Organisation)	265.520	297.529	537.152	632.084	549.896	575.038	577.946	3.435.165
	<b>270.020</b>	<b>302.029</b>	<b>542.152</b>	<b>637.084</b>	<b>555.896</b>	<b>582.038</b>	<b>587.946</b>	<b>3.477.165</b>

### Framlög Matvælastofnunar til félagasamtaka.

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	0	0	0	0	6.000	7.000	10.000	<b>23.000</b>

**Framlög Veiðimálastofnunar til félagasamtaka.**

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	4.500	5.000	5.000	5.000	6.000	7.000	10.000	<b>37.500</b>

**Framlög Matís ohf. til félagasamtaka.**

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Samtök atvinnulífsins	0	1.005.813	1.679.695	1.872.050	1.678.610	1.752.175	1.963.603	9.951.946
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	3.800	0	5.000	0	6.000	7.000	10.000	31.800
	<b>3.800</b>	<b>1.005.813</b>	<b>1.684.695</b>	<b>1.872.050</b>	<b>1.684.610</b>	<b>1.759.175</b>	<b>1.973.603</b>	<b>9.983.746</b>

**Framlög Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna til félagasamtaka.**

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	4.500	5.000	0	5.000	6.000	7.000	10.000	<b>37.500</b>

**Framlög Byggðastofnunar til félagasamtaka.**

Félagasamtök	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Félag forstöðumanna ríkisstofnana	0	0	5.000	5.000	6.000	7.000	10.000	<b>33.000</b>

2. *Hvers konar aðhaldi og eftirliti hefur hver og einn ríkisaðili beitt til að tryggja að framlagi hans sé varið í samræmi við tilgang félagasamtakanna á árunum 2007–2013?*

**Fiskistofa.**

Fiskistofa eða einstakir starfsmenn hennar eru virkir aðilar að félagasamtökunum, sitja stjórnarfundum eða eiga sæti í ýmsum vinnuhópum og fylgjast þannig með að starfsemi þeirra sé í samræmi við tilgang viðkomandi félags eða samtaka.

**Hafrannsóknastofnun.**

Á ársfundum EFARO eru lagðir fram reikningar af gjaldkera samtakanna og löggiltir endurskoðendur fara yfir reikninga árlega. Þá eru fagleg málefni samtakanna rædd á ársfundum og stjórn samtakanna og gert grein fyrir í þeim skýrslum og framlögðum gögnum.

**Matvælastofnun.**

Matvælastofnun er virkur aðili að Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, sækir fundi þess og fylgist þannig með að starfsemin sé í samræmi við tilgang félagsins.

**Veiðimálastofnun.**

Veiðimálastofnun er virkur aðili að Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, sækir fundi þess og fylgist þannig með að starfsemin sé í samræmi við tilgang félagsins.

**Matís ohf.**

Matís eða einstakir starfsmenn félagsins eru virkir aðilar að félagasamtökunum, sækja fundi þeirra og/eða eiga sæti í vinnuhópum og fylgjast þannig með að starfsemi þeirra sé í samræmi við tilgang viðkomandi félags eða samtaka.

Almennt er Matís með fastmótað aðhald á öllum rekstrarkostnaði fyrirtækisins og fer reglulega yfir og ber saman raunkostnað við áætlaðan kostnað. Ef það kæmi í ljós að kostnaðarliðir eins og þessir fara ekki í það að tryggja hag fyrirtækisins eða styðja við öflun tekna þess, þá yrði slíkur kostnaður látinn falla niður og félagsaðild sagt upp.

#### **Skrifstofa rannsóknastofnanna atvinnuveganna.**

Skrifstofa rannsóknastofnanna atvinnuveganna er virkur aðili að Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, sækir fundi þess og fylgist þannig með að starfsemin sé í samræmi við tilgang félagsins.

#### **Byggðastofnun.**

Byggðastofnun er virkur aðili að Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, sækir fundi þess og fylgist þannig með að starfsemin sé í samræmi við tilgang félagsins.

3. *Hver félagasamtakanna hafa ákvæði í lögum sínum um að reikningar þeirra séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, skoðaðir af félagslegum skoðunarmönnum eða með öðrum hætti? Eru einhver þeirra með engin slík ákvæði?*

#### **Fiskistofa.**

- *Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.
- *Skýrslutæknifélag Íslands.* Í samþykktum félagsins er kveðið á um kosningu tveggja skoðunarmanna ársreiknings. Ársreikningur er unninn af löggiltum endurskoðanda.
- *Staðlaráð Íslands.* Í starfsreglum ráðsins er kveðið á um að reikningar séu skoðaðir af félagslegum skoðunarmönnum.
- *Flóra, félag mannauðsstjóra á Íslandi.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að kosnir séu tveir skoðunarmenn reikninga.
- *Lögmannafélag Íslands.* Í samþykktum félagsins er kveðið á um skoðunarmenn en samkvæmt upplýsingum félagsins fara löggiltir endurskoðendur einnig yfir reikninga þess.
- *Stjórnvísí.* Í lögum Stjórnvísí er kveðið á um kosningu skoðunarmanna.
- *European Aquaculture Society.* Upplýsingar liggja ekki fyrir.
- *Atlantic Salmon Federation.* Upplýsingar liggja ekki fyrir.
- *Stangaveiðifélag Reykjavíkur.* Í lögum félagsins er kveðið á um tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara.
- *Félag mannauðsstjóra ríkisins.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir kosningu tveggja skoðunarmanna.

#### **Hafrannsóknastofnun.**

*Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.

EFARO hefur ákvæði um endurskoðendur reikninga.

**Matvælastofnun.**

*Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.

**Veiðimálastofnun.**

*Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.

**Matís ohf.**

*Samtök atvinnulífsins.* Í samþykktum Samtaka atvinnulífsins er kveðið á um að ársreikningar skuli endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

*Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.

**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.**

*Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.

**Byggðastofnun.**

*Félag forstöðumanna ríkisstofnana.* Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að reikningar séu endurskoðaðir. Á aðalfundi sem haldinn er fyrir lok maí á hverju ári eru kosnir tveir endurskoðendur félagsreikninga og jafnmargir til vara.